



# Framkvæmda- fréttir 24. tbl. /03



Stjórn- og upplýsingakerfi  
fyrir þjónustuverkefni  
Sjá grein í opnu

Hringvegur (1) hjá Jökulsá í Lóni.

## Opnun tilboða framvegis á þriðjudögum

Vegagerðin hefur orðið við óskum frá Samtökum iðnaðarins um breytingu á opunardegi tilboða. Breytingin felst í því að tilboð verði opnuð á þriðjudögum í stað mánudaga.

Breytingin hefur tekið gildi þannig að í útboðum sem auglýst verða með opunardegi eftir 25. ágúst skal miða við opnun á þriðjudegi. Fyrsta þriðjudagsopnun verður 9. september. Engin breyting verður á opnunartíma að deginum og áfram skal miða við að afhending gagna hefjist á mánudegi.

## Ráðstefna um ferilvöktun og aðgerðaskráningu í vetrarþjónustu

Dagana 1. og 2. september nk. heldur þjónustudeild Vegagerðarinnar ráðstefnu um ferilvöktun og aðgerðaskráningu í vetrarþjónustu o.fl. Á ráðstefnunni verða um 10 sérfræðingar frá dönsku vegagerðinni og munu þeir segja frá þróun hliðstæðra mála í Danmörku. Allir fyrirlestrar verða haldnir á skandinavískum tungumálum.

Ráðstefnan verður í Borgartúni 6, 4. hæð.

Ráðstefnugjald er 12.000 kr.

Skráning þátttöku er hjá skiptiborði Vegagerðarinnar sími 522 1000 eða á netfangið [kthj@vegagerdin.is](mailto:kthj@vegagerdin.is).

Gefið upp nafn, vinnustað, síma og netfang.

Skráningu lýkur 29. ágúst.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 24. tbl. 11. árg. nr. 346 25. ág. 2003

Ritstjórn

og umsjón útgáfu:

Víktor Arnar

Ingólfsson

Ábyrgðarmaður:

Gunnar Gunnarsson

Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:

Vegagerðin

Framkvæmdafréttir

Borgartúni 7

105 Reykjavík

(bréfsími 522 1109)

eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verkötum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



**Björn Ólafsson**  
forstöðumaður þjónustudeildar  
Vegagerðarinnar skrifar

## Stjórn- og upplýsingakerfi fyrir þjónustuverkefni

Þegar umfang þjónustuverkefna og peningaleg velta þeirra pr. tímaeiningu eykst verður meiri þörf fyrir kerfisbundna skráningu gagna sem hægt er að nýta sér jafnóðum til stjórnunar. Eðli þjónustuverkefna er þannig, að sjaldnast er hægt að notast við áætlanir til lengri tíma heldur þurfa að vera til fyrirfram ákveðnir „aðgerðapakkar“ sem gripið er til eftir eðli verkefna og vanda mála hverju sinni. Gæðastaðlar, handbækur, vaktaskipulag og verklagsreglur leysa þetta að nokkrum hluta, en með auknum kröfum um umferðaröryggi og gæði þjónustunnar, eins og um hálkulitla eða hálkulausa vegi, þarf meira að koma til.

Með um 2.500 m.kr. árlegan kostnað við þjónustuverkefni og með mikinn tækjafjölda og mannafla er brýnt að beita öflugri tölvuvæddu samræmdu stjórnkerfi til að tryggja sem besta nýtingu á fjármagni og meiri gæði þjónustunnar.

Með stuðningi frá rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar hefur verið unnið að þróunarvinnu við nýtt samtengt stjórn- og upplýsingakerfi fyrir vetrarþjónustu sem einnig má nota fyrir öll önnur þjónustu- og viðhaldsverkefni. Mikil þróun hefur verið í miðlun upplýsinga af þessu tagi og aukin þörf er á því að veita nákvæmari og betri stjórnunarlegar upplýsingar til að sem best hagkvæmni náist í þessum og öðrum sambærilegum rekstri í þjónustuverkefnum Vegagerðarinnar. Í þjónustuverkefnum er mikilvægt fyrir stjórnendur og þá aðila sem veita upplýsingar um vegástand, færð, aðgerðir og veður að hafa öll gögn aðgengileg á einum stað ásamt upplýsingum um gæðastaðla, verklagsreglur, þjónustutíma, þjónustuflokka, þjónustuaðila o.s.frv.

Stjórnkerfi fyrir þjónustuverkefni þyrfti að innihalda eftirfarandi gögn og vinnslueiginleika:

- **Stjórnunargögn fyrir hvert stjórnunarsvæði:** Skrá þarf öll grunn gögn með tilheyrandi upplýsingum sem varða landfræðilega skiptingu, starfsmenn Vegagerðarinnar,

verktaka, símanúmer, efni sem notað er, tæki, aðgerðasvæði, þjónustuleiðir, einingarverð, samninga og vaktaplön.

- **Kerfi fyrir útkall og gangsetningu verkefna í vetrarþjónustu:** Með slíku kerfi er útkalli og gangsetningu komið í ákveðinn farveg, tölvukerfi sér um útkall og kemur jafnframt boðum og upplýsingum til allra annarra sem málið varðar, þ.e.a.s. til annarra stjórnenda, starfsmanna upplýsingaþjónustu, vegfarenda o.fl.
- **Kerfi fyrir skráningu aðgerða, verkefna og annarra athugasemda (loggbók):** Fyrir stjórnun verkefna og þá sérstaklega í vetrarþjónustu og almenna upplýsingagjöf er mikilvægt að geta fylgst með staðsetningu bíla og vinnuvéla sem vinna við þjónustuna og á hvaða leið þau eru. Við stjórnun þjónustuverkefna hefur verulega skort á yfirsýn um það sem gerist hverju sinni. Í dag eru skráðar yfirlitsupplýsingar um ástand og helstu aðgerðir hvers dags, en nauðsynlegt er að skrá atburðarás hverrar vaktar nákvæmlega þannig að hægt sé að nota upplýsingarnar til daglegrar stjórnunar.

Í vetrarþjónustu er mikilvægt að skrá allar aðgerðir sem framkvæmdar eru, allt sem gerist í tengslum við útkall, aðgerðir og verklok svo og allt annað sem viðkomandi skráningaraðili telur nauðsynlegt að skrá, þar á meðal staðbundið óveður eða skafrenning svo og allar athugasemdir og ábendingar vegfarenda. Til að þetta sé framkvæmanlegt þarf stjórnandi á hverjum stað að vera í stöðugu og reglulegu sambandi við þá sem úti eru og skrá alla þessar upplýsingar inn jafnóðum. Upplýsingar þessar þarf að vera hægt að sýna á myndrænan hátt svo og að skrá og sýna á myndrænan hátt GPS-staðsetningu vinnutækja hverju sinni.

Með slíkri skráningu verður hægt að fá yfirlit um nánast hvað sem er, yfir hverju er kvartað mest og á hvaða vegum, vaktir sem taka við fá upplýsingar um það sem gerðist á fyrri vakt og einnig hafa allar slíkar skráningarupplýsingar gildi ef einhver lögfræðileg álitamál koma upp, þar sem aðgerðir eða aðgerðaleyfi í vetrarþjónustu koma við sögu.

- **Kerfi fyrir uppgjör og stöðumat:** Þar sem allar aðgerðir verða skráðar í kerfið svo og samningar og einingarverð er eðlilegt að nýta sér skráð gögn til uppgjors og til að meta fjárhagslega stöðu þjónustunnar og kostnað hverju sinni.
- **Kerfi fyrir upplýsingaþjónustu:** Í vetrarþjónustu fást upp-

## Auglýsingar útboða

### Vetrarþjónusta í Eyjafirði 2003 - 2008 03-088

Vegagerðin Norðurlandi eystra, óskar eftir tilboðum í snjósmokstur, eftirlit og hálkuvörn á vegum í Eyjafirði á árunum 2003 - 2008.

Helstu magntölur á ári (viðmiðunartölur marksamnings):  
Mokstur með vörubíl . . . . . 19.500 km  
Eftirlit á smábíl . . . . . 12.800 km  
Hálkuvörn . . . . . 3.100 km  
Biðtími manns . . . . . 50 klst.  
Verki skal að fullu lokið 30. apríl 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Akureyri og í Borgartúni 7 Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 25. ágúst 2003. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 9. september 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Vetrarþjónusta á Hringvegi (1) um Víkurskarð 2003 - 2008 03-089

Vegagerðin, Norðurlandi eystra, óskar eftir tilboðum í snjósmokstur, eftirlit og hálkuvörn á Hringvegi um Víkurskarð á árunum 2003 - 2008.

Helstu magntölur á ári (viðmiðunartölur marksamnings):  
Mokstur með vörubíl . . . . . 12.500 km  
Eftirlit á smábíl . . . . . 13.500 km  
Hálkuvörn . . . . . 3.300 km  
Veghefill . . . . . 80 klst.  
Hjólaskófla við snjóblásara . . . . . 50 klst.  
Biðtími manns . . . . . 100 klst.  
Verki skal að fullu lokið 30. apríl 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Akureyri og í Borgartúni 7 Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 25. september 2003. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 9. september 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

lýsingar úr skráningar- og upplýsingakerfi Vegagerðarinnar sem sýna ástand og veður og gróft yfirlit um hvar mokstur stendur yfir. Hins vegar skortir á upplýsingar um stöðu aðgerða, þ.e.a.s. hvort mokstur eða hálkuvörn standi yfir, hvort aðgerðir séu á áætlun, hvenær aðgerðum ljúki, hvort einhverjar staðbundnar upplýsingar liggja fyrir, s.s. vont veður á afmörkuðum köflum o.s.frv., en allt slíkt þyrfti að vera skráð í loggbók og vera aðgengilegt öllum. Á sama hátt þurfa sem flestar upplýsingar að liggja fyrir miðlægt, þannig að gott yfirlit sé yfir skipulag og aðgerðir og eins þurfa þessar sömu upplýsingar að vera aðgengilegar öllum umdæmum til samanburðar og samræmingar.

Þær upplýsingar sem hugbúnaður þarf að gefa eru m.a. eftirfarandi:

- stjórnunarlegar upplýsingar svo sem upplýsingar um þjónustuleiðir og þjónustutíma
- svæði sem skulu hálkvarin, upplýsingar um efni til hálkvarna (sandur, salt o.fl.)
- landfræðilega og stjórnunarlega skiptingu vinnusvæða
- lista yfir starfsmenn, símanúmera-, nafna-, og heimilisfangaskrá þeirra
- tækjaskrár
- vaktaplön og tímaáætlanir
- reglur um skipulag, verkaskiptingu, vinnuaðferðir, og verklag í vetrarþjónustu
- einingarverð og kostnað
- útboðsreglur, samninga og staðla, útboðslýsingar, tilboðsform
- leiðbeiningar um veðurstöðvar, túlkun á veðurspám og önnur gögn um veður
- leiðbeiningar um skráningu í bókhalds- og upplýsingakerfi
- neyðaráætlanir vegna slysa eða náttúruhamfara
- skrár yfir ták og hugtök sem tengjast ástandi vega og veðurs o.fl.

Verkefnið sem nú er unnið að miðast við að safna sjálfvirkt frá

## Niðurstöður útboða

### Vetrarþjónusta í Hvalfirði 2003 - 2008 03-087

Vegagerðin, Vesturlandsumdæmi. Tilboð í snjómokstur og hálkuvörn á um 83 km á Hvalfjarðarvegi (47) og Kjósarskarðsvegi (48) á árunum 2003 - 2008. Gerður verður marksamningur um verkið.

Árleg viðmiðunartala marksamnings:

Vörubílar í snjómokstri og hálkuvörn . . . . 4.026 km  
Verki skal að fullu lokið 1. maí 2008.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3 Th. Adolfsson ehf., Reykjavík	2.394.300	177,6	836
2 Borgarverk Borgarnesi ehf.	1.829.588	135,7	272
1 Hilmar Ólafsson ehf., Reykjavík	1.557.996	115,6	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	1.348.060	100,0	-210
Hilmar Ólafsson ehf. skilaði inn tveimur frávikstilboðum			

tækjum í vegarþjónustu fjölþættum tölfræðilegum og stjórnunarlegum upplýsingum s.s. um staðsetningu þeirra, aðgerðir, hraða, akstur o.fl. Tilgangur þessa verkefnis er þekkingaröflun um sjálfvirka aðgerðaskráningu og ferilvöktun og að nýta þá þekkingu til þarfagreiningar lausna í vetrar- og sumarþjónustu á vegum.

Fyrstu niðurstöður benda til þess að þær upplýsingar sem fást úr þessu tilraunaverkefni gefi áreiðanlegar og góðar upplýsingar til stjórnunar og gefi einnig það gott yfirlit um magntölur s.s. efni, akstur og tíma, fyrir sérhvern vegkafla, að vel megi nota niðurstöðurnar til uppgjörs í vetrarþjónustu, fyrir gæðaeftirlit o.fl.

Dagana 1. og 2. september nk. verður haldin, í Borgartúni 6, ráðstefna um aðgerðaskráningu og skipulag vetrarþjónustu þar sem m.a. verður gerð grein fyrir þessum tilraunum og einnig munu taka þar þátt fulltrúar frá dönsku vegagerðinni og gera grein fyrir reynslu sinni af hliðstæðum kerfum. Þá verður að auki fjallað um upplýsingamiðlun til vegfarenda, hálkuvörðunarkerfi, ásamt framtíðarmöguleikum í vetrarþjónustu o.fl.

## Drög að tillögu að matsáætlun: Vestfjarðavegur, Þórisstaðir - Eyrará, í Reykhólahreppi í Austur-Barðastrandarsýslu

Vegagerðin hefur lagt fram drög að tillögu að matsáætlun fyrir mat á umhverfisáhrifum vegna ný- og endurlagnar Vestfjarðavegar í Reykhólahreppi, Austur Barðastrandarsýslu. Um er að ræða Vestfjarðaveg milli Þórisstaða í vestanverðum Þorskafirði og Eyrar í Kollafirði. Náttúrustofa Vestfjarða er ráðgjafi við mat á umhverfisáhrifum og mun leggja til náttúruvarnarskafla matskýrslunnar og ritstýra henni. Skýrsluna er að finna á vegagerdin.is en nánar verður fjallað um þetta efni hér í blaðinu síðar.

### Vetrarþjónusta á Holtavörðuheidi 2003 - 2008 03-086

Vegagerðin, Vesturlandsumdæmi. Tilboð í snjómokstur og hálkuvörn á um 37 km löngum kafla á Hringvegi (1) um Holtavörðuheidi á árunum 2003 - 2008. Gerður verður marksamningur um verkið.

Árleg viðmiðunartala marksamnings:

Vörubílar í snjómokstri og hálkuvörn . . . 25.000 km  
Pallbill / jeppi í eftirliti . . . . . 6.920 km  
Verki skal að fullu lokið 1. maí 2008.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
6 Hörður Þór Ástþórsson, Reykjavík	8.901.280	101,7	1.120
--- Áætlaður verktakakostnaður	8.749.600	100,0	968
5 Borgarverk ehf., Borgarnesi	8.676.940	99,2	896
4 Sigurjón Tómasson, Hrutatungu, Hrutafirði	8.597.830	98,3	817
3 Eyjólfur Valur Gunnars., Fálkastöðum II	8.350.250	95,4	569
2 B. Kristmundsson ehf., Keflavík	8.061.400	92,1	280
1 Dýadalur ehf., Reykjavík	7.781.300	88,9	0

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaálda. Þá er skammstöfun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, Vl:Vesturland, Vf:Vesfirðir, N.v:Norðurland vestra, N.ey:Norðurland eystra, Au:Austurland. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
03-090 Sl. Hringvegur (1), gatnamót við Skeiðaveg	03
03-091 Sl. Laugarvatnsvegur (37) um Brúará	03
03-056 Sl. Árbæjarvegur (271), Hringvegur - Heiðarbrún	03
03-093 Vl. Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls	03
03-017 Au. Grundartangavegur (506), Hringvegur - Hafnarsvæði	03
02-015 Sl. Hringvegur (1), við Hellu	03
03-014 Rn. Hringvegur (1), vegamót við Nesbraut, hönnun	03
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	03
03-064 Au. Hringvegur (1), veggöng undir Almannaskarð	03
03-074 Au. Hringvegur (1), Vegaskarð - Langidalur	09.03
03-075 Au. Norðausturvegur (85), Brekknaheiði - Geysirófa	09.03
03-031 N.ey. Möðruvallavegur (813)	09.03
03-084 Rn. Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	09.03
03-049 Vf. Djúpvvegur (61), Forvaði - Þorpar	09.03
03-048 Vf. Djúpvvegur (61), Kambsnes - Hattardalur	09.03
03-081 Au. Hringvegur (1), ræsi í Össurá og Hlíðará í Lóni	09.03
03-080 Au. Norðfjarðarvegur (92), hjáleid í Reyðarfirði, 1. áfangi	09.03
03-092 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhammsvegur - Kaplakriki, eftirlit	09.03
03-009 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhammsvegur - Kaplakriki	09.03
03-010 Rn. Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging II. áfangi	09.03
Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst: Opnað:
03-089 N.ey. Vetrarþjónusta á Hringvegi (1) um Víkurskarð 2003-2008	25.08.03 09.09.03
03-088 N.ey. Vetrarþjónusta í Eyjafirði 2003-2008	25.08.03 09.09.03
03-052 Sl. Reynishverfisvegur (215), Hringvegur - Prestshús	25.08.03 09.09.03
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
03-087 Vl. Vetrarþjónusta í Hvalfirði 2003 - 2008	21.07.03 11.08.03
03-087 Vl. Vetrarþjónusta á Holtavörðuheidi 2003 - 2008	21.07.03 11.08.03
03-046 Vf. Vestfjarðavegur (60), brú á Múlaá í Kollafirði	10.06.03 30.06.03
03-045 Vf. Vestfjarðavegur (60), Eyrará - Múli	10.06.03 23.06.03
03-069 Au. Kollumúlavegur (F980), vegur og varnargarðar	28.04.03 12.05.03

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
03-083 Sl. Hringvegur (1) um Krossá í Fljótshverfi Framrás ehf., Vík í Mýrdal	21.07.03	13.08.03
03-054 Sl. Uxahryggjavegur (52), um Sandkluftarvatn Þórarinn Kristinsson, Fellskoti	21.07.03	12.08.03
03-020 Au. Jökulsá í Lóni, göngubrú stálsmiði Eldafl ehf., vélsmiðja, Reykjanesbæ	21.07.03	11.08.03
03-071 Vl. Snæfellsnesvegur (54), um Fróðarheiði Stafnafell ehf., Kálfárvöllum	30.06.03	09.07.03
03-073 Rn. Þingvallavegur (36), veglýsing um Helgafellsmela Jöfnun ehf., Hellu	02.06.03	14.08.03
03-070 Rn. Snjómokstur og hálkuvörn í Reykjanesumdæmi 2003-2008 Hilmar Ólafsson ehf., Reykjavík	02.06.03	16.07.03
03-047 Vf. Tálknafjarðarvegur (617), um Sveinseyri Stakkafell ehf., Patreksfirði	12.05.03	15.07.03
03-066 Au. Efnisvinnsla á Austurlandi 2003 - 2004 Myllan ehf., Egilsstöðum	05.05.03	06.08.03
Fallið frá tilboði		
03-079 N.ey. Hringvegur (1), Glerá, viðgerð handriðs Eini bjóðandinn í verkið hefur fallið frá tilboði sínu	16.06.03	

## Auglýsingar útboða

### Reynishverfisvegur (215), Hringvegur - Prestshús 03-052

Vegagerðin, Suðurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í gerð Reynishverfisvegur (215) frá Hringvegi að Prestshúsum (4 km), sem og hluta Dyrhólavegar (0,9 km), alls 4,9 km.

Helstu magntölur:

Fyllingar	6.625 m <sup>3</sup>
Fláafleygar	3.625 m <sup>3</sup>
Skeringar	6.530 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag, óunnið efni	17.645 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag, unnið efni	4.245 m <sup>3</sup>
Ræsi	99 m
Girðingar	3.300 m
Tvöföld klæðing	32.170 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	39.200 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. júlí 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Selfossi og í Borgartúni 7 Reykjavík (móttaka) frá og með mánuðeginum 25. ágúst 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 9. september 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.